

# RÍKISSAKSÓKNARI

SJF/

Reykjavík, 28. mars 2018

Tilvísun ríkissaksóknara: 201803-0167

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um almenn hegningarlög (bann við umskurði drengja), 114. mál.

Frumvarpið sem slíkt er ekki haldið neinum formgöllum í refsiréttarlegu tilliti að mati ríkissaksóknar. Hvort efni eru til að bregðast við þeirri háttsemi sem frumvarpið beinist að, þ.e. umskurði drengja, með sérstöku refsíákvæði í almennum hegningarlögum, er álitafni sem löggjafinn tekur ákvörðun um, og þá væntanlega með hliðsjón af aðstæðum hér á landi. Einnig telur ríkissaksóknari rétt að horfa til framkvæmdar á öðrum Norðurlöndum í þessu efni.

Þá er á það bent að sú háttsemi að fjarlægja forhúð drengja, umskera þá, gæti átt undir nógildandi ákvæði almennra hegningarlaga um líkamsárás, auk refsíákvæða barnaverndarlaga, við vissar aðstæður.



Sigríður J. Friðjónsdóttir

ríkissaksóknari



nefundasvid@althingi.is